



Stefna um mat á hæfi stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Tilgangur þessarar stefnu er að tryggja að Byggðastofnun uppfylli á hverjum tíma kröfur viðeigandi laga, reglna, viðmiða og leiðbeininga um mat á hæfi stjórnarmanna og forstjóra Byggðastofnunar að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustígs reksturs, til þess meðal annars að framfylgja viðmiðum um góða stjórnarhætti og auka trúverðuleika stofnunarinnar.
- 1.2 Stefna þessi er sett samkvæmt viðmiðunarreglum EBA, eins og hugtakið er skilgreint í 2. gr. stefnu þessarar, sbr. einnig viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05), og með hliðsjón af 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvæðum reglna nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja.
- 1.3 Viðmiðunarreglur EBA hafa hvorki lagagildi né sömu stöðu og stjórnvaldsfyrirmæli hér á landi en með hliðsjón af lögum nr. 24/2017 og þeim gerðum sem þau innleiða, framangreindum atriðum og góðum stjórnarháttum telur Byggðastofnun rétt að líta til þeirra og leita leiða til að fara eftir þeim í starfsemi sinni.
- 1.4 Stefna þessi er ekki tæmandi talning á því efni sem hún tekur á. Stefnan er sett til skýringar og fyllingar á viðeigandi ákvæðum laga og reglna sem gilda um starfsemi Byggðastofnunar, til viðbótar við innri reglur og aðrar stefnur stofnunarinnar, eftir því sem við á.

2 SKILGREININGAR

- 2.1 Með EBA er átt við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.
- 2.2 Með viðmiðunarreglum EBA er átt við sameiginlegar leiðbeiningar Evrópsku banka- eftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja, sem tóku gildi 31. desember 2021, og voru gefnar út á grundvelli 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem öðlaðist gildi hér á landi með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.
- 2.3 Með stjórnarmönnum er í stefnu þessari átt við aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar.
- 2.4 Með stjórnendum er í stefnu þessari átt við stjórnarmenn og forstjóra Byggðastofnunar.
- 2.5 Hugtakið hæfi í stefnu þessari vísar til þess að einstaklingur teljist hafa gott orðspor og hafi, einn og ásamt öðrum stjórnarmönnum þegar um er að ræða stjórnarmann, nægilega þekkingu og reynslu eða menntun sem nýtist í starfi til að inna af hendi skyldur sínar með fullnægjandi hætti. Hugtakið nær jafnframt til annarra almennra hæfisskilyrða sem gilda um stjórnendur Byggðastofnunar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglum nr. 150/2017.



3 ÁBYRGÐ Á MATI Á HÆFI

- 3.1 Það er á ábyrgð stjórnenda sjálfra að tryggja að þeir uppfylli á hverjum tíma hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki og annarra viðhlítandi laga og reglna. Stjórnendur skulu sjálfir leggja mat á hæfi sitt þegar þeir hefja störf. Ef aðstæður einstakra stjórnenda breytast eða upp koma atvik svo vafi vaknar um hæfi þeirra skulu þeir tafarlaust taka hæfi sitt til sjálfstæðrar skoðunar á ný (viðvarandi mat). Telji stjórnandi sig ekki hæfan eða telji hann vafa leika á því hvort svo sé skal hann tilkynna stjórnarformanni um þá niðurstöðu sína og upplýsa um hvaða hæfisskilyrði er um að ræða.
- 3.2 Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi stjórnanda ber honum að tilkynna slíkt til stjórnarformanns (eða stjórnar ef um er að ræða stjórnarformann sjálfan) og Fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum.
- 3.3 Án tillits til ábyrgðar stjórnenda á eigin hæfi ber stjórn Byggðastofnunar sameiginlega ábyrgð á mati á hæfi stjórnenda og stjórnar í heild og skal stjórn eftir bestu getu tryggja og hafa eftirlit með því. Ábyrgð stjórnar á því að tryggja hæfi stjórnenda og stjórnar nær aðeins til þeirra ráðstafana sem rúmast innan heimilda stjórnar samkvæmt lögum og reglum sem gilda um Byggðastofnun.
- 3.4 Við mat á hæfi og ákvörðun um að framkvæma slíkt mat samkvæmt ákvæðum stefnu þessarar skulu stjórn og stjórnendur fara eftir ákvæðum 6. gr. stefnu þessarar og ákvæðum viðhlítandi laga og reglna eftir því sem við á.

4 VIÐVARANDI EFTIRLIT MEÐ HÆFI

Stjórn skal hafa viðvarandi eftirlit með hæfi einstakra stjórnenda og stjórnar í heild samkvæmt ákvæðum þessarar 4. gr. Í því felst að stjórn skal framkvæma viðbragðsmat og endurmat þegar tilefni er til samkvæmt því sem að neðan greinir. Þessi skylda stjórnar dregur ekki úr ábyrgð einstaks stjórnanda til að leggja mat á eigið hæfi samkvæmt grein 3.1.

Viðbragðsmat

- 4.1 Ef stjórn verður þess áskynja að aðstæður hafa breyst eða upp hafa komið atvik sem valda vafa um hæfi einstakra stjórnenda og/eða stjórnar í heild skal stjórn taka til skoðunar hæfi viðkomandi og framkvæma viðbragðsmat í samræmi við það sem að neðan greinir.
- 4.2 Viðbragðsmat skal einkum framkvæmt við eftirfarandi kringumstæður:
- (a) Þegar einstakir stjórnendur tilkynna stjórn að þeir telji vafa leika á hæfi sínu eða um breytingar á áður veittum upplýsingum sem haft geta áhrif á hæfi þeirra.
 - (b) Þegar atvik á sér stað sem er til þess fallið hafa veruleg áhrif á gott orðspor stjórnanda eða Byggðastofnunar.
 - (c) Þegar rökstuddur grunur er um brot gegn ákvæðum laga um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi Byggðastofnunar eða ef áhætta af slíku hefur aukist.
 - (d) Þegar upp koma atvik eða aðstæður sem eru með einhverjum hætti til þess fallnar að hafa áhrif á hæfi einstakra stjórnenda eða stjórnar í heild, að mati stjórnar.



- 4.3 Við framangreindar aðstæður skal stjórnarformaður boða til stjórnarfundar án tafa til þess að fjalla um þær breytingar á aðstæðum eða atvik sem valda vafa um hæfi. Komi ekki í ljós fyrir fundinn eða á honum að ekkert tilefni sé til að framkvæma viðbragðsmat skal stjórn annað hvort:
- (a) Framkvæma viðbragðsmatið á fundinum og taka ákvörðun um hæfi viðkomandi, en þó eingöngu ef þær breytingar á aðstæðum eða atvik sem eru tilefni matsins eru þess eðlis að stjórn getur framkvæmt matið með fullnægjandi hætti á slíkum fundi á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga, eða
 - (b) taka ákvörðun á fundinum um að láta án tafar fara fram viðbragðsmat, og skal stjórn þá jafnframt ákveða hvenær innan eðlilegra tímamarka fyrirhugað er að niðurstaða liggji fyrir. Telji stjórn tilefni til skal hún jafnframt óska eftir því að umsjónarmaður áhættustýringar framkvæmi áhættumat til að kanna möguleg áhrif á orðspor eða rekstur Byggðastofnunar.
- 4.4 Nema viðbragðsmat hafi verið framkvæmt á stjórnarfundum samkvæmt grein 4.3(a) skal þegar í kjölfar fundar hafist handa við greiningu og öflun nauðsynlegra gagna og upplýsinga.
- 4.5 Þegar drög að mati og nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir skal stjórnarformaður boða til annars stjórnarfundar þar sem endanlegt viðbragðsmat er framkvæmt og ákvörðun um viðbrögð tekin á grundvelli þess.
- 4.6 Við framkvæmd viðbragðsmats skal stjórn líta til allra atvika sem máli skipta án tillits til þess hvar eða hvenær þau áttu sér stað. Í því felst að fara skal fram heildarmat á aðstæðum og atvikum öllum sem máli geta skipt. Stjórn skal þó takmarka umfang matsins við skoðun á hinni breyttu aðstöðu eða atviki sem var orsök matsins og áhrifa þess á hæfi stjórnenda eða stjórnar í heild og þannig undanskilja þau atriði sem ekki hafa tekið breytingum eða orðið fyrir áhrifum sökum þeirra.

Endurmat

- 4.7 Stjórn skal framkvæma endurmat á hæfi stjórnar í heild eins og þörf krefur að mati sínu.
- 4.8 Endurmat á hæfi stjórnar í heild skal þó fara fram ef tilefni er til, þá hvað helst ef hæfiskröfur samkvæmt viðeigandi lögum og reglum hafa breyst.
- 4.9 Við framkvæmd endurmats á hæfi stjórnar í heild skal stjórn notast við form að sjálfsmati sem Fjármálaeftirlitið hefur birt á heimasíðu sinni og byggir á til þess gerðu formi frá EBA. Stjórn skal fara yfir niðurstöðu endurmats á stjórnarfundum og eftir atvikum taka ákvörðun um viðbrögð.
- 4.10 Stjórn skal jafnframt framkvæma endurmat á hæfi einstakra stjórnenda ef hæfiskröfur samkvæmt viðeigandi lögum og reglum hafa breyst.

5 AÐGERÐIR VEGNA ÓFULLNÆGJANDI HÆFIS

- 5.1 Sé það niðurstaða stjórnar í kjölfar mats á hæfi að einstakir stjórnendur eða stjórn í heild fullnægi ekki hæfisskilyrðum viðhlítandi laga og reglna að teknu tilliti til ákvæða stefnu þessarar skal stjórn grípa til viðeigandi ráðstafana innan eðlilegs tíma til þess að gera það sem



í hennar valdi stendur til að tryggja hæfi viðeigandi stjórnanda og/eða stjórnar í heild. Slík niðurstaða skal teljast liggja fyrir ef hún er samþykkt með atkvæði meirihluta stjórnarmanna á stjórnarfundum að gættum reglum um sérstakt hæfi þeirra sem atkvæði greiða þar um. Sé kosið um hæfi einstaks aðmanns skal hann ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni, og sé þess þörf samkvæmt reglum sem gilda um ályktunarbærni stjórnarinnar skal fenginn inn varamaður í hans stað.

- 5.2 Viðeigandi ráðstafanir í skilningi þessarar 5. gr. skulu taka mið af því hvaða hæfisskilyrði stjórn telur að séu ekki uppfyllt, hvaða ráðstafana er hægt að grípa til í því skyni að bæta úr og heimildum stjórnar með hliðsjón af stöðu hennar samkvæmt lögum og reglum sem gilda um Byggðastofnun. Viðeigandi ráðstafanir geta meðal annars falist í að færa skyldur milli einstakra stjórnanda svo sem milli vara- og aðalmanna í stjórn, fjölga stjórnendum, grípa til ráðstafana til að takmarka hagsmunaárekstra, þjálfa einstaka stjórnendur eða stjórnina í heild og ráðstafanir sem miða að því að leggja til að skipt verði um einstaka stjórnendur. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.
- 5.3 Telji stjórnin viðeigandi að leggja til að skipta um einstaka stjórnendur skal stjórn upplýsa viðkomandi stjórnanda um niðurstöðu sína og meta hvort tilefni sé til þess að fara þess á leit við stjórnandann að hann segi starfi sínu lausu. Hafni stjórnandi því skal ályktun beint til ráðherra og þess óskað að ráðherra taki til skoðunar að skipa nýjan stjórnanda byggt á ályktun stjórnar.
- 5.4 Telji stjórnin viðeigandi að skipta um stjórn í heild skal ályktun þess efnis beint til ráðherra og þess óskað að ráðherra taki til skoðunar að skipa nýja stjórn.

6 VIÐMIÐ VIÐ MAT Á HÆFI

- 6.1 Við mat á hæfi skal litið til þeirra viðmiða sem fram koma í þessari 6. gr. til skýringar og fyllingar á þeim atriðum sem eru nefnd í ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, reglum nr. 150/2017 og viðmiðunarreglum EBA.

Næg þekking og reynsla eða menntun

- 6.2 Stjórnendur skulu vera vel upplýstir um starfsemi Byggðastofnunar og helstu áhættuþætti í starfseminni, í samræmi við eðli starfsskyldna þeirra. Þeir skulu hafa þekkingu á stjórnarháttum stofnunarinnar og skilning á hlutverki og ábyrgð sinni sem stjórnendur.
- 6.3 Stjórnendur skulu hver um sig búa yfir nægri þekkingu og reynslu eða menntun til að geta stuðlað að viðeigandi menningu, gildum og háttsemi meðal stjórnanda stofnunarinnar og sinnt stjórnendastörfum fyrir hana á tilhlýðilegan hátt. Við mat á þeirri hæfni sem Byggðastofnun telur að stjórnandi þurfi að búa yfir til að gegna stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt skal meðal annars höfð hliðsjón af þeim viðmiðum sem fram koma í viðauka II í viðmiðunarreglum EBA, eftir því sem við á.
- 6.4 Við mat á þekkingu, reynslu og menntun einstaklings skal meðal annars líta til:
 - (a) Þess starfs sem viðkomandi einstaklingur sinnir og starfsskyldum sem eru því samfara auk getu sem er krafist í starfinu.



- (b) Þekkingar og reynslu sem viðkomandi einstaklingur hefur öðlast í námi, annarri þjálfun og fyrri störfum.
- (c) Menntunar sem nýtist í starfinu.

Gott orðspor

- 6.5 Stjórnendur skulu hafa gott orðspor. Við mat á góðu orðspori skal litið til þess hvort stjórnandi hafi sýnt af sér háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að líkur séu til að þeir muni misnota aðstöðu sína sem stjórnandi Byggðastofnunar eða skaða stofnunina. Þá skal einnig líta til háttsemi stjórnanda sem kynni að rýra trúverðugleika og/eða skaða orðspor stjórnandans eða Byggðastofnunar. Skal þá meðal annars horft til þess hvort stjórnendur hafi sýnt af sér óásættanlega hegðun, orðið sér til vansæmdar eða rýrt álit, traust og trúverðugleika Byggðarstofnunar eða gildi stofnunarinnar. Í því sambandi skal meðal annars höfð hliðsjón af orðræðu stjórnanda á opinberum vettvangi, framgöngu hans í tengslum við stöðu sína hjá Byggðastofnun að öðru leyti og þess hvort stjórnandi hafi brotið lög, stjórnvaldsfyrirmæli, viðmiðunarreglur opinberra aðila eða innri reglur Byggðastofnunarinnar.
- 6.6 Stjórnandi telst vera með gott orðspor ef engin haldbær gögn eða ástæður benda til annars, meðal annars með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um atriði eða aðstæður sem nefndar eru í grein 6.5 hér að ofan og greinum 6.7 og 6.8 hér að neðan.
- 6.7 Að teknu tilliti til réttar manna til að teljast saklausir uns sekt er sönnuð og annarra grundvallarréttinda einstaklinga skal við matið tekið tillit til þess hvort viðkomandi hefur gerst sekur um refsiverða háttsemi sem máli getur skipt í þessu samhengi. Við matið skal höfð hliðsjón af kringumstæðum öllum, þ.m.t. atriðum sem leiða til mildunar. Meðal atriða sem litið skal til eru alvarleiki og eðli brotsins, hvaða hlut viðkomandi átti að máli, hver viðurlögin voru, á hvaða dóm- eða stjórnarsýslustigi niðurstaðan fékkst, tími sem liðinn er frá broti og hegðun hins brotlega frá þeim tíma. Sérstaklega skal metið hvort brot viðkomandi sé þess eðlis að þau skipti máli í tengslum við starf viðkomandi hjá Byggðastofnun með þeim hætti að þau geti haft áhrif á matið. Við matið skulu hið minnsta eftirfarandi atriði höfð í huga:
- (a) Dómar eða yfirstandandi málssókn vegna refsiverðs athæfis, þá hvað helst vegna fjárvika, skattalagabrota og brota eða meintra brota á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, fjármál, verðbréfavíðskipti, peningaþvætti, hlutafélög, neytendaverndvernd, gjaldþrotaskipti, verðbréfamarkaði eða einhvers konar fjármálaþjónustu.
 - (b) Fyrri eða yfirstandandi aðgerðir sem máli skipta í tengslum við matið sem gripið var til af hálfu viðeigandi yfirvalda eða eftirlitsaðila fyrir brot á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, verðbréfavíðskipti og tryggingastarfsemi.
 - (c) Yfirstandandi rannsóknir yfirvalda vegna brota af framangreindum toga sem máli geta skipt fyrir matið.
- 6.8 Við matið skal höfð hliðsjón af atriðum í tengslum við árangur í viðskiptum stjórnanda og hve fjárhagslega traust viðskiptin hafa verið, svo sem hvort hann sé á vanskilaskrá, viðskiptalegt gengi félaga í eigu eða undir stjórn viðkomandi, hvort hann hafi orðið gjaldþrota eða hafi, að

teknu tilliti til réttar manna til að teljast saklausir uns sekt er sönnuð, verið ákærður eða staðið í sambærilegum málarekstri við opinbera aðila.

7 SAMSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Án tafa skal stjórnarformaður fyrir hönd Byggðastofnunar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það ef stjórnin telur að einstakir stjórnendur eða stjórn í heild fullnægi ekki hæfisskilyrðum viðhlítandi laga og reglna að teknu tilliti til ákvæða stefnu þessarar ásamt röksemdum fyrir niðurstöðunni.

8 SKRÁNING MATS Á HÆFI STJÓRNENDA

Framkvæmd hæfismats, niðurstöður og aðgerðir sem gripið er til á grundvelli þeirra skulu skráðar á skýran og skilmerkilegan hátt til varðveislu hjá Byggðastofnun, þ.m.t. í skjalastjórnunarkerfi og viðeigandi fundargerðir, og haft til reiðu ef Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að fá gögnin afhent.

9 ANNAÐ

- 9.1 Við eftirfylgd stefnu þessarar skal ávallt hafa hliðsjón af jafnréttisáætlun Byggðastofnunar. Jafnframt mun Byggðastofnun ávallt tryggja að vinnsla persónuupplýsinga samræmist lögum og reglum um persónuvernd, sbr. einnig persónuverndarstefnu stofnunarinnar.
- 9.2 Stjórn skal yfirfara stefnuna að minnsta kosti á tveggja ára fresti, og þegar gerðar eru breytingar á lögum, reglum eða viðmiðum sem stefna þessi er byggð á, með tilliti til þess hvort þörf sé á að uppfæra hana. Ákvarðanir um breytingar á stefnu þessari skulu teknar á stjórnarfundum og skráðar í fundargerð. Til breytinga á stefnu þessari þarf samþykki meirihluta stjórnarmanna.
- 9.3 Stjórn er heimilt að leita aðstoðar einstakra deilda og sviða Byggðastofnunar eða utanaðkomandi sérfræðinga í tengslum við eftirlit með og mat á hæfi einstakra stjórnenda og stjórnar í heild eftir því sem stjórn telur tilefni til og að teknu tilliti til ákvæða laga, reglna og innri reglna Byggðastofnunar.